

Skýrsla stjórnar Nývest ses. 2022 – 2023

Stofnfundur Nýsköpunarnets Vesturlands ses. var haldinn miðvikudaginn 6. Apríl 2022. Stofnun Nývest byggði á starfi starfshóps sem SSV skipaði til undirbúnings verkefninu. Í samþykktum segir eftirfarandi um tilgang félagsins:

„Tilgangur félagsins er að vera samráðs- og samstarfsvettvangur einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga, skóla á háskóla og framhaldsstigi, stofnana, hagsmunahópa og sveitarfélaga á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og þróunarstarfs, menntunar, rannsókna og skapandi greina. Félagið skal sinna miðlun upplýsinga til þeirra sem eru aðilar að starfsemi, aðstoða eftir föngum við úrlausn verkefna og umsóknir um styrki. Starfsemi félagsins er opin öllum þeim sem hagsmuni hafa af jákvæðri byggðapróun í víðtækum skilningi á Vesturlandi. Félagið skal hafa reglubundið samráð við stofnendur félagsins.“

Auk hefðbundinna stofnfundarstarfa ávarpaði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fundinn. Hún ræddi mikilvægi nýsköpunar og þróunar, stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim málum og óskaði Nývest velfarnaðar. Þá kynnti Rut Ragnarsdóttir heimasíðu Nývest ses.

Alls eru stofnfjárhafar Nývest ses. 62 talsins, einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir og stofnfé 1,5 mkr. Í stjórn félagsins voru kosnir eftirtaldir aðila:

Gísli Gíslason, formaður

Ragnheiður Þórarinsdóttir, varaformaður

Ólafur Adolffson

Rut Ragnarsdóttir

Jóhanna María Sigmundsdóttir

Lilja Björg Ágústsdóttir

Ragnar Ingi Sigurðsson

Til vara:

Jakob Kristjánsson

Vegna breytinga á högum gekk Lilja Björg Ágústsdóttir úr stjórninni í byrjun árs 2023.

Stjórnin hélt 6 formlega fundi á tímabilinu frá maí 2022 til maí 2023. Helstu málefni sem rædd voru eru eftirfarandi:

1. Rætt var um og samþykktur þjónustusamningur við SSV. Helga Guðjónsdóttir, ráðgjafi hjá atvinnuráðgjöf SSV annast framkvæmdastjórn Nývest.
2. Fjallað var um fyrirhugaða nýsköpunargátt, sem fyrirhugað var að ráðneyti atvinnu- og nýsköpunar myndir setja upp. Hlé hefur orðið á þeirri vinnu.
3. Opnuð var heimasíða Nývest (nyvest.is) þar sem hægt er að nálgast upplýsingar og fréttir af nýsköpun og þróun. Thelma Harðardóttir var fengin til að stýra þróun heimasíðunnar og innsetningu efnis. Þá var rætt um aðrar leiðir til þess að koma upplýsingum á framfæri við einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki. Heimasíðan býður upp á viðmót á 13 tungumálum.
4. Haldinn var fundur í Hjálmakletti í októbermánuði með fulltrúum skóla, samvinnurýma og þróunarsetra. Þar var m.a. fjallað um miðlun upplýsinga á heimasíðu Nývest, samvinnu þeirrar stoðþjónustu sem er á Vesturlandi, markaðssókn um störf án staðsetningar, sóknaráætlun Vesturlands, verkefni Lbhí og Bifrastar á sviði nýsköpunar og skapandi greina.
5. Fundað var með fulltrúum SSNE - sem ásamt SNNV stóðu fyrir fjárfestakynningu, en til þeirrar kynningar var boðið frumkvöðlum af öllu landinu. Nývest kynnt verkefnið á Vesturlandi, en einn aðili af vesturlandi kynnti hugmyndir sínar fyrir fjárfestum á viðburði sem haldinn var á Siglufirði.

6. Rætt var við fulltrúa Gleipnis, sem nýstofnað Próunarfélag Bifrastar, Landbúnaðarháskóla Íslands og fleiri aðila. Áhugi er á því að Nývest og Gleipnir vinni sameiginlega að nýsköpunarverkefnum t.d. á sviði matvælaframleiðslu o.fl.
7. Ólafur Adolfsson gerði grein fyrir verkefninu hitaveita á Grundartanga og grænum iðngörðum. Próunarfélag Grundartanga fékk styrk frá Orkusjóði til verkefnanna.
8. Ákveðið var að fara af stað með skoðanakönnun á Vesturlandi þar sem tilgangurinn er að fá betri upplýsingar um verkefni í nýsköpun og þróun og væntingar fólks og fyrirtækja. Könnunin stendur yfir, en þegar niðurstöður liggja fyrir er stefnt að því að kynna þær á fundi fyrir almenning og fyrirtæki, sem áhuga hafa á þróun og nýsköpun. Þar verði einnig kynnt verkfærakista frumkvöðla og fleira. Í framhaldi af því er stefnt að stofna til vettvangs þar sem frumkvöðlar geti unnið undir handleiðslu sérfræðinga að þróun hugmynda sinna.
9. Þá var fjallað um möguleika á tengingar Nývest við aðila og/eða samtök sem áhuga hafa á þróun og nýsköpun í vinnslu þörunga og þara.

Líta verður svo á að stofnun Nývest og verkefni félagsins sé langhlaup. Auk þess að sinna fræðslu og upplýsingagjöf af ýmsu tagi er það mikilvægt verkefni að brúa bilið milli einstaklinga, stofnana og fyrirtækja í þeim tilgangi að auka vitund um mikilvægi þróunarverkefna og nýsköpunar. Í þessu efni er margt óunnið, en tækifærin til staðar. Vesturland býr að öflugum fyrirtækjum á ýmsum sviðum auk stofnana og háskóla að ógleymdum þeim mannauði sem býr í íbúum landshlutans. Próunarsetur og samvinnurými hafa orðið til í sveitarfélögum á Vesturlandi og þar er álitlegur sproti sem í senn getur stuðlað að störfum án staðsetningar og nýsköpunarverkefnum. Það er því verðugt verkefni að styðja við próunarsetrin og samvinnurýmin samhliða hvatningu og stuðningi við þá einstakling stofnanir og fyrirtæki sem hasla sér völl á sviði nýsköpunar í breiðum skilningi þess orðs.

Akranesi í maí 2023

Gísli Gíslason

Formaður stjórnar Nývest ses.